

Eftirtaldir aðilar eru í kjöri til stjórnar Össurar hf. á aðalfundi félagsins 22. febrúar 2008:

Leiðrétting frá fyrri tilkynningu: Svava Gronfeldt, Rektor Háskólans í Reykjavík, mun taka sæti í stjórn Össurar hf. í stað Sigurbjörns Þorkelssonar

KRISTJÁN TÓMAS RAGNARSSON hefur átt sæti í stjórn félagsins síðan árið 1999. Kristján hefur starfað með fötluðu fólki um árabil í Bandaríkjunum sem læknir og prófessor. Frá 1986 hefur hann verið forstöðumaður endurhæfingardeildar Mount Sinai sjúkrahússins og læknaskólans í New York. Frá 1997 hefur hann gengt stöðu stjórnarformanns Mount Sinai læknastöðvarinnar. Kristján lauk kandiðatsprófi í læknisfræði frá Háskóla Íslands árið 1969 og sérfræðiprófi í orku- og endurhæfingarlækningum frá Bandaríkjunum árið 1976.

NIELS JACOBSEN er stjórnarformaður Össurar. Frá árinu 1998 hefur Niels starfað sem forstjóri William Demant Holding A/S og Oticon A/S, sem eru dönsk framleiðslufyrirtæki á heilbrigðissviði fyrir heyrnatæki. Niels Jacobsen á sæti í eftirfarandi stjórnnum og samtökum: Novo Nordisk Holding A/S, Nielsen & Nielsen Holding A/S, A.P. Møller Mærsk A/S og Sennheiser Communications A/S, William Demant Invest A/S, Himsa A/S, HIMSA II A/S, og hann er stjórnarformaður Hearing Instrument Manufacturers Patent Partnership A/S. Að auki á Niels sæti í miðstjórn samtaka danska iðnaðarins.

SVAVA GRONFELDT verður í stjórn félagsins. Hún er rektor Háskólans í Reykjavík og bankaráðsmaður í Landsbanka Íslands hf. Á árunum 2005-2007 starfaði hún hjá Actavis Group, síðast sem aðstoðarforstjóri. Svava var lektor í Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands 1997-2007 og framkvæmdastjóri og eigandi IMG Gallup/Deloitte 1995-2004. Svava lauk doktorsprófi frá London School of Economics árið 2000.

ÞÓRÐUR MAGNÚSSON tók sæti í stjórn félagsins í byrjun árs 2005. Hann er stjórnarformaður Eyrir fjárfestingafélags og aðaleigandi, en Eyrir var stofnað árið 2000. Þórður á sæti í stjórnnum nokkurra félaga á Íslandi, m.a Byko, Kaupáss og hann er stjórnarformaður Marorku. Hann starfaði sem fjármálastjóri hjá Eimskipum í 20 ár eða til ársins 2000. Þórður lauk viðskiptafræðiprófi frá Háskóla Íslands árið 1974 og MBA-gráðu frá University of Minnesota.

ÖSSUR KRISTINSSON er stofnandi félagsins. Hann hefur setið í stjórn þess frá árinu 1971 og var framkvæmdastjóri frá 1971 til 1989. Össur nam stoðtækjafræði í Svíþjóð og hlaut löggildingu í stoðtækjafræði frá The Swedish Board of Certification for Prosthetics and Orthotics, árið 1971.
Ísland